



## 2. stjórnarfundur LH

8. desember 2018 kl. 14:00 vinnuhelgi stjórnar í Stykkishólmi

*Mættir:* Lárus Ástmar Hannesson, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Þórisson, Ágúst Hafsteinsson, Stefán Logi Haraldsson og Eggert Hjartarson úr aðalstjórn, Lilja Björk Reynisdóttir, Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn. **Fjarverandi:** Oddrún Ýr Sigurðardóttir úr aðalstjórn og Siguroddur Pétursson og Þórdís Arnardóttir úr varastjórn.

### 1. Formaður setti fundinn

### 2. Viðauki við samninga Rangárbakka og Fáks vegna Landsmóta 2020 og 2018.

Stjórn LH samþykkir að fela stjórn LM að ganga frá þessum viðaukum í samræmi við þau drög sem kynnt voru á fundinum. Eftir undirritun viðaukanna verða þeir birtir á heimasíðu LH.

### 3. FEIF þingið – tillögur LH og hverjir fara

Frá stjórn LH fara Lárus Ástmar Hannesson, formaður, Sóley Margeirsdóttir, varaformaður og Ólafur Þórisson gjaldkeri. Hjörný Snorradóttir framkvæmdastjóri LH fer sem starfsmaður LH.

### 4. Gæðingakeppnin, í sókn

Búið er að halda gæðingadómaranámskeið í Þýskalandi. Mikill áhugi um áframhaldandi vinnu og kynningu á gæðingakeppni þar. Það er sókn í gæðingakeppninni á Norðurlöndum og markaðssetning er í Evrópu.

### 5. Dýraverndunarfélag Íslands, bréf til FEIF frá DÍS

Stjórn LH hefur stutt bann við notkun á vogarafmsmélum með tunguboga sem er meiri en 5mm. Stjórn LH hefði talið eðlilegra að beðið hefði verið um stuðning við þetta bréf áður en að það var sent út til FEIF.

### 6. Dagsetning Íslandsmóts 2019

Íslandsmótið verður haldið dagana 3.-7. júlí á félagssvæði hestamannafélagsins Fáks í Víðidal. Mótshaldarar verða: Adam, Brimfaxi, Fákur, Hörður, Máni, Sóti, Sprettur og Sörli

### 7. Dagsetning Fjórðungsmóts Austurlands 2019

Fjórðungsmót Austurlands verður haldið 11. - 14. júlí á Höfn í Hornafirði.

### 8. Þinggerðin af landsþingi LH 2018

Þingforsetar voru ósáttir við þinggerðina og töldu hana ófullnægjandi. LH samdi við Írisi Huld Sigurbjörnsdóttir um að fullvinna þinggerðina. Því verki verður lokið fljótlega.



**9. Samningur við Hjörnýju**

Stjórn LH samþykkir ráðningasamning við Hjörnýju Snorradóttur. Stjórn LH fagnar þessum samningi og býður nýjan framkvæmdastjóra velkomna til starfa.

**10. Starfsmannamál**

Auglýst hefur verið eftir starfsmanni í 100% starf á skrifstofu með áherslu á afreksstarf og afreksmál. Umsóknarfrestur um starfið er til 15. desember 2018. Stjórn LH felur Lárusi Ástmari formanni, Sóleyju varaformanni, Ólafi gjaldkera og Stefáni Loga úr aðalstjórn að ganga frá ráðningu í starfið.

**11. Afrekshópurinn**

Samþykkt að fela framkvæmdarstjóra LH að fara yfir skipurit og stefnu fyrir afrekshóp í samvinnu við umsjónamann hópsins. Ákveðið var að afrekshópurinn falli undir landsliðsnefnd.

**12. Karen Woodrow – nýliðun kynning á félagshesthúsum í hestamannafélögum**

Formanni og framkvæmdastjóra falið að kanna möguleika á samstarfi við Karen.

**13. Spurningakönnun á formenn hestamannafélaganna**

Framkvæmdastjóra falið að vinna og senda út spurningakönnun til formanna hestamannafélaganna. Könnunin yrði gerð með það að markmiði að finna út hvernig LH getur stutt betur við hestamannafélögin.

**14. Umhverfisþingið**

Lárus Ástmar og Halldór Halldórsson fóru á Umhverfisþing. Óskað hefur verið eftir fundi með vinnuhópi um miðhálandisþjóðgarð.

**15. Skipan í nefndir LH**

Nefndarskipan samþykkt, sjá fylgiskjal.

**16. Trello <https://trello.com>**

Kynning og kennsla á forritinu og stjórnarmenn settir inn í virkni þess.

**17. Nefndarfundur föstudaginn 11. Janúar 2019**

Samþykkt.

**18. Önnur mál**

Engin önnur mál.

*Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið um 16:30.  
Fundargerð ritaði Rósa Birna Þorvaldsóttir*